

Miðlun, varðveisla og sköpun

Tónlistarstefna Ríkisútvarpsins – hljóðvarps og sjónvarps

Hljóðvarpsrásir Ríkisútvarpsins, Rás 1 og Rás 2, og sjónvarpsrásirnar eru sjálfstæðar einingar með ólíkar áherslur og eigin ritstjórn. Þær starfa jafnframt eftir sameiginlegum meginmarkmiðum samkvæmt stefnu RÚV og lögum um Ríkisútvarpið.

Tónlistarstefna hljóð- og sjónvarpsrása Ríkisútvarpsins tekur mið af stefnu RÚV 2022-2026 þar sem segir að Ríkisútvarpið taki virkan þátt í íslensku menningarlífi með því að skapa, miðla og fjalla um öll svið menningar, skrásetja menningu samtímans með upptökum og útsendingum og endurspegla fjölbreytileika samfélagsins í dagskrá sinni.

Í tónlistarstefnu RÚV er lögð áhersla á að leita jafnvægis í tónlistarvali og hafa fjölbreytni efnis að leiðarljósi. Með opinni aðfangagátt á ruv.is er lögð áhersla á mikilvægi þess að öll útgefin íslensk tónlist eigi greiða leið í safn Ríkisútvarpsins.

Með því að miðla og fjalla með margvíslegum hætti um innlenda og erlenda tónlist endurspegla hljóð- og sjónvarpsrásir RÚV menningu og tíðaranda samfélagsins hverju sinni. Með hljóðritunum og útsendingum frá tónlistarviðburðum skrásetur RÚV tónlistarmenningu þjóðarinnar og varðveitir hana fyrir komandi kynslóðir.

Hljóð- og sjónvarpsrásir Ríkisútvarpsins taka virkan þátt í samstarfi evrópskra útvarpsstöðva með flutningi á tónleikahljóðritunum frá EBU, miðlun íslensks efnis til Evrópu í því skyni að lyfta undir íslenskt tónlistarlíf á erlendri grundu og reglulegri þátttöku í samevrópskum tónlistarverkefnum.

Tónlistarstefna Rásar 1

I. Rás 1 í íslensku tónlistarlífi

Rás 1 er virkur þátttakandi í íslensku tónlistarlífi. Rás 1 styður við frumsköpun og hefur frumkvæði að henni eins og kostur er, meðal annars með aðkomu að tónlistarhátíðum og sérstökum viðburðum. Rás 1 leitast við að stofna til samstarfs við fremsta tónlistarfólk þjóðarinnar og ungt listafólk sem er að hasla sér völl. Rás 1 tekur virkan þátt í samstarfi evrópskra útvarpsstöðva með flutningi á tónleikahljóðritum frá EBU og miðlun íslensks efnis til Evrópu.

II. Tónlist í dagskrá Rásar 1

- Rás 1 leggur áherslu á að flytja og fjalla um fjölbreytta tónlist í sérstökum tónlistarþáttum, talmálþáttum og á milli dagskrárliða.
- Tónlistarvalið spannar vítt svið sígildrar og samtímatónlistar eftir innlenda og erlenda höfunda í túlkun innlendra og erlendra flytjenda.
- Sérstök áhersla er lögð á frumsamda íslenska¹ tónlist með íslenskum² flytjendum, bæði nýja tónlist og eldri tónsmíðar í nýjum búningi.
- Rás 1 fjallar um og leikur nýjar upptökur og miðlar eldri tónlist sem gefin hefur verið út, ásamt tónlist sem hljóðrituð hefur verið á tónleikum eða í hljóðveri RÚV.
- Beinar útsendingar frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, hljóðritanir frá tónlistarhátíðum og því sem hæst ber í tónlistarlífinu hverju sinni eru mikilvægur þáttur í því sem Rás 1 miðlar til hlustenda og skrásetur um leið til framtíðar með varðveislu í safni.
- Tónlistarráð Rásar 1 markar hljóðritunarstefnu Rásar 1 og hefur frumkvæði að tónleika- og stúdíóhljóðritunum og pöntun tónverka.

¹ Tónlist sem samin er og/eða flutt af tónlistarfólki sem starfar í íslensku tónlistarlífi.

² Tónlistarfólki sem starfar í íslensku tónlistarlífi.

III. Viðmið

- Allt að 40% þeirrar tónlistar sem leikin er árlega³ skal vera íslensk.⁴
- Að lágmarki skulu 20% þeirrar tónlistar sem leikin er árlega vera nýleg eða ný.⁵
- Auka skal vægi fjölbreyttrar tónlistarumfjöllunar í sérstökum dagskrárliðum.
- Ríkulegum tónlistararfi þjóðarinnar skal miðlað með flutningi á völdum hljóðritunum úr safni RÚV.
- Leitast skal við að setja tónleikahljóðritanir, beinar útsendingar eða hljóðvershljóðritanir á dagskrá vikulega.
- Miðað skal við að senda út tónlist frá allt að fimm innlendum tónlistarhátíðum árlega.
- Árlega verði pöntuð að minnsta kosti tvö ný frumsamin og/eða nýútsett tónverk.

³ Á ekki við um endurflutta dagskrá.

⁴ Tónlist sem samin er og/eða flutt af tónlistarfólki sem starfar í íslensku tónlistarlífi.

⁵ Nýleg tónlist hefur komið út á síðustu fimm árum. Ný tónlist hefur komið út eða verið flutt innan árs.

Tónlistarstefna Rásar 2

I. Rás 2 í íslenskri tónlist

Rás 2 lyftir undir íslenskt tónlistarlíf með því að vera vettvangur fyrir kynningu á tónlist og tónlistarfólki með breiða skírskotun í mismunandi tónlistarstefnur og stíla.

Lifandi tónlist skipar mikilvægan sess í dagskrá Rásar 2, jafnt í beinni útsendingu sem upptökum innanhúss og frá tónleikum, tónlistarviðburðum og hátíðum víðs vegar um landið.

Rás 2 á í virku samtali við ungt tónlistarfólk, tekur þátt í að koma því á framfæri og er stökkpallur fyrir þau sem koma ný inn í tónlistarlífið á Íslandi.

Jafnframt á Rás 2 virkt samtal við tónlistarfólk á öllum aldri og kemur því á framfæri óháð aldri, kyni, kyntjáningu, þjóðerni og líkamlegu atgervi svo lengi sem tónlistin samrýmist ritstjórnarstefnu Rásar 2.

II. Ritstjórnarstefna Rásar 2 í tónlist

Miða skal við að Rás 2:

- Spili að lágmarki 40% íslenska tónlist á hverjum sólarhring.
- Hafi jafnt kynjahlutfall tónlistarfólks að leiðarljósi í allri dagskrárgerð.
- Kynni að lágmarki fimm nýja titla hverri í viku á lagalista.
- Sendi út og taki þátt í minnst fjórum stórum lifandi tónlistarviðburðum á ári hverju.⁶
- Haldi minnst eina lagakeppni á ári þar sem öllum gefst tækifæri til að senda inn nýja tónlist.⁷
- Sendi út að lágmarki 20 klukkustundir af þáttum með sértækri tónlist⁸ á viku.
- Fjalli um helstu tónlistartengda stórviðburði á ári hverju.⁹

⁶ Dæmi um slíka viðburði eru tónlistarhátíðirnar Aldrei fór ég suður, Bræðslan og Iceland Airwaves

⁷ Dæmi um slíka keppni er jólagakeppni Rásar 2.

⁸ Sértæk tónlist er tónlist sem höfðar til afmarkaðs hlustendahóps með áherslu á ákveðna stefnu sem gjarnan fellur utan meginstraumstónlistar.

⁹ Dæmi um slíka viðburði eru Músíktíraunir, Íslensku tónlistarverðlaunin, dagur íslenskrar tónlistar, alþjóðlega tónlistarhátíðin Eurosonic, Söngvakeppnin og Eurovision.

Rás 2 leggur ríka áherslu á fjölbreytni í tónlistarvali og leitast við að hafa jafnvægi í vali á tónlist frá mismunandi menningarheimum og málsvæðum. Hlutverk Rásar 2 er einnig að virkja og skemmta fjölbreyttum hópi hlustenda af ólíkum uppruna með því að bjóða upp á víðtæka blöndu af dægurtónlist og tali.

Tónlistarval Rásar 2 miðar meðal annars að því að veita annarri tónlist athygli en þeirri sem spiluð er á öðrum útvarpsstöðvum ásamt því að spila það vinsælasta hverju sinni.

Fjölskipað tónlistarráð fundar vikulega undir stjórn tónlistarstjóra. Þar eru teknar ritstjórnarlegar ákvarðanir svo sem um hvaða lög eru tekin í fasta spilun á Rás 2.

Tónlistarstefna RÚV sjónvarps

Tónlistarstefna RÚV í sjónvarpi tekur mið af tónlistarstefnum beggja útvarpsrásanna og spannar því víðara svið tónlistar auk þess að leggja ríka áherslu á að endurspeglar íslenskt tónlistarlíf hverju sinni jafnt í sértækri sem almennri reglubundinni umfjöllun og dagskrárgerð.

I. Tónlist í sjónvarpsdagskrá RÚV

- Ný íslensk tónlist er í forgangi og markmiðið er að sinna frumsköpun með umfjöllun, upptökum og fjölbreyttri miðlun, jafnt í almennri menningar- og dægurmálatengdri dagskrárgerð sem sértækri dagskrárgerð helgaðri tónlist.¹⁰
- Tónlistarsköpun og -flutningur ungs fólks hefur sérstakan sess í tónlistarmiðaðri dagskrárgerð, dagskrársetningu, verkefna- og viðburðavali. Horft er til nýsköpunar og grasrótastarfsemi, tónlistarkeppna og viðburða í tengslum við skóla- og tómstundarstarf barna og ungmenna.¹¹
- Sjónvarpið sinnir alls kyns tónlist, allt frá nýútgefinni dægurtónlist til sígildrar.
- Tónlistarviðburðir og -hátíðir, uppteknar eða í beinni útsendingu, eru fyrirferðarmiklar í dagskrá sjónvarpsins.¹²
- Reglulega eru sýndar upptökur frá tónleikum íslensks tónlistarfólks, jafnt þess sem á að baki langan og glæstan feril sem ungs og upprennandi tónlistarfólks.¹³
- RÚV hefur frumkvæði að því að efna til og sýna frá tónlistarviðburðum og tónleikum, í beinni útsendingu eða upptökum, oftast í nánu samstarfi við Rás 1 eða Rás 2.¹⁴
- Í sértækri dagskrárgerð, svo sem heimildarmyndum og heimildarþáttaröðum, er haft til hliðsjónar að skýra samhengi og sögu íslenskrar tónlistar.¹⁵
- Áhersla er lögð á virkt, skapandi og gæfuríkt samstarf við tónlistartengdar menningarstofnanir, félagasamtök, hátíðir og skipuleggjendur tónlistarviðburða.¹⁶

¹⁰ Dæmi um slíka dagskrárliði eru Vikan með Gísla Marteini, Lag dagsins og Stúdíó RÚV.

¹¹ Dæmi um slíkt samstarf eru árvissar útsendingar frá úrslitum Músiktilrauna, Söngkeppni framhaldsskólanna, hæfileikakeppninni Skrekk og Söngkeppni Samfés.

¹² Dæmi um slíka dagskrárliði eru Aldrei fór ég suður og Bræðslan.

¹³ Dæmi um slíkar tónleikaupptökur eru Magnús og Jóhann, Afmælistónleikar Jóns Ólafssonar, Víkingur Heiðar, útgáfutónleikar GDRN og Laufey og Sinfó.

¹⁴ Dæmi um slíka dagskrárliði eru Tónaflóð, Tónaflóð um landið, Áhöfnin á Húna og Jólalag Rásar 1.

¹⁵ Dæmi um slíka dagskrárgerð eru þáttaraðir að borð við Hljómskálann, Popp- og roksaga Íslands, Straumar, Óskalög Þjóðarinnar, Útúrdúr, Tónskáldið – Gunnar Þórðarson, Purrkur Pillnikk: Sofandi vakandi dauðir, Ellen: Ég verð aldrei önnur en ég er.

¹⁶ Samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands um Klassíkina okkar og reglubundna sjónvarpstónleika. Upptökur og beinar útsendingar frá leikverkum, söngleikjum og óperusýningum Þjóðleikhússins, Borgarleikhússins, Óperunnar og sjálfstæðra leikhópa. Árvissar beinar útsendingar og/eða upptökur frá tónlistarhátíðum á borð við Aldrei fór ég suður, Bræðsluna og Iceland Airwaves.

- Frumkvæði er haft að því að bjóða til samkeppni um íslensk lög, tónlist og/eða íslenskan flutning og afrakstrinum miðlað í sérstakri dagskrárgerð.¹⁷
- Sérstakur metnaður er lagður í að kaupa og miðla markverðum alþjóðlegum upptökum og heimildarmyndum um tónlist og tónlistarfólk.

II. Viðmið

- Jöfnuður og fjölbreytni í tónlist, aldri og kynjum verður tryggður.
- 80% alls tónlistarflutnings og tónlistarumfjöllunar skal vera um eða hafa tengingu við íslenska tónlist.
- Boðið skal upp á reglubundna vikulega umfjöllun um íslenska tónlist í almennri dagskrárgerð eða sértækum tónlistartengdum þáttum.
- Nýrri íslenskri tónlist, beinum útsendingum, frumfluttum upptökum eða myndböndum, skal fundinn vikulegur vettvangur í línulegri dagskrá og miðlað áfram í spilara og á vef.
- Hlúð skal að reglubundnu og virku samstarfi við útvarpsrásir RÚV um upptökur, umfjöllun og miðlun á íslenskri tónlist.
- Efnt er til að lágmarki einnar samkeppni sem tengist og virkjar íslenskt tónlistarfólk og skal afrakstri miðlað í dagskrárgerð.
- Boðið er upp á upptökur frá minnst tíu tónleikum og/eða tónlistarviðburðum á ári.
- Beinar útsendingar verða frá minnst fimm tónleikum eða tónlistarviðburðum á ári.
- Að lágmarki skal sýna fimm þáttaraðir eða heimildarmyndir um íslenska tónlist hvert ár.



¹⁷ Söngvakeppnin og Eurovision eru dæmi um slíka dagskrárlíði.